



Doctor oecnomiae honoris causa í viðskipta- og hagfræðideild

Assar Lindbeck er fæddur í Umeå í Svíþjóð árið 1930. Hann lauk magistersprófi frá Uppsalaháskóla árið 1952 og doktorsprófi frá Stokkhólmsháskóla árið 1963. Assar Lindbeck er einn helsti núlifandi hagfræðingur Svíþjóðar, Norðurlanda og Evrópu allrar og hefur varið löngum og virðulegum starfsferli, hálfri öld, á vettvangi hagfræðinnar og auðsýnt þar óskipta alúð, elju og ákefð. Honum hefur tekist að virkja víðfeðma og fjölbreytta hæfileika sína í mörgum vistarverum hagfræðinnar. Hann er einn fjölhæfasti hagfræðingur sinnar kynslóðar og hefur komið víða við í verkum sínum: í þjóðhagfræði, peningahagfræði, ríkisfjármálum, vinnumarkaðshagfræði, alþjóðahagfræði, kerfishagfræði, aðferðafræði, sögu hagfræðikenninga og sænskum efnahagsmálum og hagstjórn. Rannsóknir hans á atferli verklyðsfélaga hafa ásamt öðrum athugunum hans og samverkamanna hans vakið mikla athygli, svo að oft er til þeirra vitnað í verkum annarra fræðimanna. Rannsóknir Assars Lindbeck hafa spannað allt sviðið, frá hreinni kennilegri hagfræði að hagnýtum og tölfræðilegum athugunum. Auk mikils fjölda fræðiritgerða og bóka hefur hann skrifað nærri 200 ritgerðir og greinar handa almenningi í dagblöð og tímarit heima fyrir og erlendis. FílabEinsturn Assars Lindbecks hefur ævinlega verið búinn hraðskreiðri lyftu. Rannsóknir hans, ráðgjöf, kennsla og almannafræðsla hafa allar stefnt að einu og sama marki: að stuðla að framförum í hagstjórn og hagskipulagi til að lyfta lífskjörum almennings. Þetta er leiðarljósið, leiðsögustefið í löngu og gjöfulu ævistarfi Assars Lindbeck. Hann hefur mest allan feril sinn verið prófessor í alþjóðahagfræði við Stokkhólmsháskóla, þar sem íslenskir hagfræðingar ásamt öðrum hafa notið kennslu hans, og hann byggði þar upp rómaða rannsóknastofnun og stýrði henni með stakri þryði í aldarfjórðung. Hann sat einnig í Nóbelsverðlaunanefndinni í hagfræði í aldarfjórðung og var formaður nefndarinnar í fjórtán ár. Hann hefur haldið nokkrar málverkasýningar og fengið góða dóma fyrir myndlist sína. Assar Lindbeck er einn af bestu sonum lands síns og þjóðar, sem hann hefur þjónað af trúmennsku frá unga aldri, og þjónar enn.

Af þessum sökum telur Háskóli Íslands sér það sæmdarauka að heiðra Assar Lindbeck með titlinum doctor oecnomiae honoris causa. Sé það góðu heilli gjört og vitað.



Hörður Filippusson deildarforseti raunvísindadeildar, Kristján Sæmundsson, Robert A. Mundell, Assar Lindbeck, Kristín Ingólfssdóttir rektor, Friðrik Már Baldursson deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar